

Ed.

451. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 5. lið komi nýr liður, er verði 6. liður, þannig:
Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin falli burt.
4. Við 6. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.
5. Við 17. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Á eftir 30. gr. komi ný grein, er verður 31. gr., og hljóði svo.
6. Við 18. gr. Greinin falli burt.
7. Við 20 gr. Fjórða, fimta og sjötta málsg. falli burt.